**Brjef landshöfðingja** *til beggja amtmanna* **um skýrslur um hag styrktarsjóða handa alþýðufólki.** (Ágrip). — Með brjefi þessu var lagt svo fyrir, að allir sýslumenn skyldu árlega leggja fyrir sýslunefndirnar til athugunar skýrslur þær um hag styrktarsjóða handa alþýðufólki í öllum hreppum sýslu hverrar, er um ræðir í 8. gr. laga nr. 29, 11. júlí 1890, þannig að þess sje getið í gjörðabókum nefndanna, svo að sjáist, bæði ef skýrslur hefur vantað og ef eitthvað hefur fundizt athugavert við framkomnar skýrslur. Svo var og fyrirskipað, að hlutaðeigandi amtsráð skuli, þegar þau yfirfara eptirritin af gjörðabókum sýslunefndanna, hafa eptirlit með, að heimtað verði það, er vanta kann af skýrslum, og að hreppunum sje haldið til þess, að framfylgja ákvæðum ofannefndra laga. **113** 21. sept.

**Brjef landshöfðingja** *til N. N.* **um kosningu þjóðkirkjuprests til utanþjóðkirkjuprests.** — Þjer hafið ásamt nokkrum öðrum heimilisfeðrum og húsráðendum í N. prestakalli ritað mjer brjef, dags. í júlím. þ. á., þar sem þjer tjáist segja yður úr þjóðkirkjunni og kveðizt hafa gjört samning við og kosið nágranna prestinn, síra N. N. til að vera prest yðar (brjefritendanna) framvegis, og sjá fyrir andlegum þörfum yðar. Jafnframt hafið þjer gjört þá fyrirspurn, hvort þjer þurfið að leita kgl. staðfestingar á kosningu síra N. N., er muni halda áfram að vera þjóðkirkjuprestur eins og hann hefur verið, og þjóna eins prestakalli sínu eptir sem áður. **114** 21. sept.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer gjörið það kunnugt hinum öðrum brjefritendum, er ekki verður svarað á annan hátt, að það kemur ekki til mála að síra N. N. geti verið hvort tveggja, bæði þjóðkirkjuprestur og utanþjóðkirkjuprestur í einu. Til þess að geta hlýtt kosningu yðar verður hann að afsala sjer embætti sínu í þjóðkirkjunni, og þá verður eptir á að fá konunglega staðfestingu á kosningu hans, eins og hvers annars prests, er utanþjóðkirkju söfnuður kýs sjer; en vilji hann ekki afsala sjer embætti sínu, þá er kosning yðar á honum til utanþjóðkirkjuprests ógild. — Aptur á móti er þeim sóknarmönnum í N. prestakalli, sem ekki vilja hlýta þjónustu sóknarprestsins, en æskja þjónustu síra N. N., heimilt að taka hann fyrir kjörprest sinn samkvæmt lögum um leysing á sóknarbandi 12. maí 1882.

**Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um tekjuauka af jörðum, er lagðar hafa verið upp í árgjald frá einu prestakalli til annars.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 23. f. m., hafið þjer, herra amtmaður og herra biskup, skýrt frá því, að presturinn að Völlum í Svarfaðardal hafi lagt þá spurning undir úrskurð stiptsyfirvaldanna, hvort prestinum að Völlum eða prestinum að Kvíabekk beri grunnleigur, er nú eru farnar að gjaldast af jörðunum Birnunesi og Selá, sem með ráðherrabrjefi 18. apríl 1887 voru lagðar frá Vallaprestakalli til Kvíabekkjarprestakalls, en þá voru lóðargjöld þessi ekki til komin, þegar jarðirnar eptir þáverandi eptirgjalds-upphæðum voru teknar undan Vallaprestakalli upp í ár- **115** 4. okt.